RALV2TM03 Guðmundur I Geirsson

# Hönnun á eldhúsi

Húseigandi hefur samband við ykkur og biður ykkur að teikna, hanna og ákveða allar raflagnir í eldhús. Hannið  litla greinartöflu sem  er staðsett í búr innaf eldhúsinu. Lekastraums rofi skal vera í töflunni. Spennukerfið er 3x400V

Sérgreinar í eldhúsinu eru

Helluborð, bakaraofn, tenglar við bekk, uppþvottavél og aukaofn (örbylgjuofn) tilgreinið rörastærð, vírasverleika og öryggjastærð á öllum greinum.

Þegar þið eruð búinn að því tengið þið greinartöfluna og leggið að öllum greinum úr töflunni. Lagnirnar skulu vera inni felldar og enda í rofadós nema ljósagreinin, hún skal fara í mitt loftið í loftadós og setja rofa á annan útveggin í 10 cm frá útveggnum í 110cm hæð. Ráðið hvort lagnirnar fari upp eða niður úr töflunni, allt eftir því hvort hentar betur.

Setjið töflumerkingarblað í töfluna og muna að tiltaka spennukerfið og heiti töflunnar, td. T1.1 þar sem þetta er undirtafla frá aðaltöflu.

Vandið allar tengingar og frágang, við munum spennu setja þessa töflu

Gangi ykkur vel

Gummi Geirs.